

Fréttatilkynning frá Samtökum fjármálafyrirtækja

SFF beina tilmælum til aðildarfélaga sinna um innheimtu fastrar krónutölu af íbúðalánum í erlendri mynt

- Greiðslur íbúðalána í erlendri mynt lækkaðar og festar tímabundið
- Frá 1. ágúst greiða lántakendur sem þess óska 5.000 kr. af hverri milljón upphaflegs höfuðstóls
- Betri réttur lántakenda tryggður

Hæstiréttur felldi tvo dóma 16. júní sl. um bílasamninga til einstaklinga sem kváðu á um að gengistrygging slíkra samninga væri ólögð. Óvissa ríkir um hvort íbúðalán einstaklinga í erlendri mynt falli undir dóminn og verður henni ekki eytt nema fyrir dómstólum.

Á meðan beðið er dóms telja Samtök fjármálafyrirtækja nauðsynlegt að grípa til aðgerða til bráðabirgða í ljósi þeirra ábendinga sem settar hafa verið fram á opinberum vettvangi, m.a. af Talsmanni neytenda.

SFF hafa í ljósi þess ákveðið að beina því til aðildarfélaga sinna að einstaklingum bjóðist að greiða fasta greiðslu af íbúðalánum sínum í erlendri mynt sem miðast við upphaflegan höfuðstól lánsins. Lagt er til, að þar til dómstólar hafa eytt þeirri óvissu sem ríkir um fyrrgreind lán, verði greiddar mánaðarlega 5.000 krónur af hverri milljón upphaflegs höfuðstóls. Mánaðarleg afborgun af láni með upphaflegan höfuðstól að fjárhæð kr. 13.000.000 yrði því 65.000 krónur.

SFF ítreka að framangreint úrræði skerði ekki betri rétt lántaka sem dómar Hæstaréttar kunna að hafa í för með sér.

SFF setja þessi tilmæli fram með samþykki Samkeppniseftirlitsins.